

Skólaráðsfundur

14. nóvember 2022 kl. 8:15 í Tjarnarsal

Mættir: Hilmar Egill Sveinbjörnsson skólastjóri, Hannes Birgir Hjálmarsson fulltrúi kennara, Kristín Hulda Halldórsdóttir fulltrúi almennra starfsmanna, Særún Jónsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins, Rebekka Riviere Magnúsdóttir og Manassa Qarni fulltrúar foreldra og Júlía Teresa Radwanska og Emilía Rós Símonardóttir fulltrúar nemenda.

1. Kynning nýrra fulltrúa

Nýjir fulltrúar í skólaráði, þau Hannes, Rebekka og Emilía Rós kynnt til leiks.

2. Hlutverk og verkefni skólaráðs

Skólastjóri fór yfir lögbundið hlutverk og verkefni skólaráðs. Allir í skólaráði fengu afhent yfirlit.

3. Drög að starfsáætlun skólaráðs kynntar

Skólastjóri kynnti drög að starfsáætlun skólaráðs. Búið er að setja niður fundi yfir skólaárið með drögum að dagskrá sem kveðið er á um í aðalnámskrá grunnskóla, að skólaráð komi að með einum eða öðrum hætti. Allir í skólaráði fengu afhenta starfsáætlun skólaráðs.

4. Önnur mál

- Ákveðið að ganga ekki um skólann og skoða eins og ráðgert er með nýja fulltrúa skólaráðs hverju sinni þar sem allir þekkja húsakynni skólans vel.
- Rætt um heimanám og tengingu þess við heimili, foreldra. Þar sem lítið heimanám berst heim finnst sumum fundarmönnum foreldrar vera utanveltu. Skólastjóri fór yfir áherslur heimanámsstefnu að ekkert aftraði kennurum að senda af og til efni heim til að halda foreldrum upplýstum um framgang náms hjá nemendum. Heimanámsstefna Stóru-Vogaskóla miðar þó að því að halda heimanámi í lágmarki eftir langa skóladaga nemenda og vinnudaga foreldra, grunnþáttum eins og lestri er þó sinnt.
- Skólastjóri fór stuttlega yfir sérkennslumál í skólanum með áherslu á ÍSAT kennslu (Íslenska Sem Annað Tungumál). En aukning hefur verið í vor og haust af nemendum af erlendu bergi.
- Rætt um umferðaröryggismál við skólann. Áhyggjur af umferðaröryggismálum við skólann og gatnamót Vogagerðis og Tjarnargötu hafa reglulega verið rædd. Rætt um hvort umferðaröryggisáætlun, sem unnin var árið 2018 (að fundarmann minnti) hafi ekki verið hrynt í framkvæmd. Þarna þykir þurfa að hægja á umferð, vantar betri lýsingu, lýsandi gangbrautarskilti, o.fl. sem þarf að athuga. Börn mikið í myrkri á þungum gatnamótum á þessum tíma dags. Ákveðið að spyrjast fyrir hjá bænum.

Fundi slitið kl. 9:10

Fundarritari: Hilmar Egill Sveinbjörnsson